

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

699. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 6. júní 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Landsbyggð tækifæranna. Ráðstefna um þekkingar- og fræðastarf á landsbyggðinni.
3. Bréf forsætisráðuneytisins.
4. Bréf Guðrúnar Óskar Steinbjörnsdóttur.
5. Aðalfundarboð Samtaka stofnfjáreigenda í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda.
6. Fundargerð 787. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. Skipan samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um vatnsveitu fyrir Laugarbakka m.a. nauðsyn þess að gerðar verði úrbætur á vatnstökusvæði á eyri við Miðfjarðará og að lokið verði rannsóknum á vatni úr nýjum borholum við Urriðaá. Farið yfir framkvæmdir á íþróttavallarsvæði, endurvirkjun Bóllinda, umhverfisátak, undirbúning fyrir landsmót UMFÍ 50+, hnitsetningu afréttarlanda o.fl.
2. Til kynningar lögð fram dagskrá rástefnunnar „Landsbyggð tækifæranna“. Ráðstefnan, sem fjallar um þekkingar- og fræðastarf á landsbyggðinni, verður haldinn í Reykjavík þann 8. júní nk.
3. Fram lagt bréf forsætisráðuneytisins þar sem óskað er upplýsinga og gagna frá Húnaþingi vestra vegna áforma sveitarfélagsins um frekari nýtingu jarðvarma frá Reykjum í Hrútafirði. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
4. Fram lagt bréf Guðrúnar Óskar Steinbjörnsdóttur þar sem hún segir upp starfi sínu sem stuðningsfulltrúi við Grunnskóla Húnaþings vestra. Guðrún lætur af störfum sem stuðningsfulltrúi frá og með 1. ágúst nk. Byggðarráð samþykkir uppsögnina.
5. Lagt fram aðalfundarboð Samtaka stofnfjáreigenda í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda. Fundurinn verður haldinn í Staðarflöt í Hrútafirði þann 7. júní nk. kl. 20:30. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
6. Til kynningar lögð fram fundargerð 787. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
7. Sveitarstjóri greindi frá viðræðum sem hann hefur átt við oddvita Bæjarhrepps og fulltrúa Innanríkisráðuneytisins vegna mögulegrar sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjórn skipi fimm aðila í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:15

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson

Elín R. Líndal

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.